

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 9. október kl. 09:20, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 792. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón Bates Gíslason, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Haukur Hafliði Nínuson, Ólafur Melsted, Hildur Gunnarsdóttir og Lilja Grétarsdóttir.

Ritari Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- 1. Brautarholt 4-4A, Íbúðarhúsnæði og** (12.412.03) Mál nr. BN057715
þjónusta/verslun - BN052434 Skjalnr. 9198
670716-0900 V Tölf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið, stækka og síkka glugga og koma fyrir svölum á báðum hliðum, koma fyrir lyftu og innréttu 16 íbúðir á 2. - 4. hæð og verslun og sameiginlegt þvottahús á jarðhæð, einnig til að byggja einnar hæðar byggingu að lóðamörkum í austur og suður þar sem innréttuð verður hjólageymsla og geymslur íbúða með verönd á þaki á og við hús nr. 4, mhl. 01 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 21. febrúar 2017, samþykki meðlóðarhafa dags. 12., 13. og 18. maí 2020, bréf hönnuðar dags. 29. september 2020 og tillaga að nýju lóðarblaði mótt. 29. september 2020. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. ágúst 2020 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2020.
Stækkun: 208,3 ferm., 604,7 rúmm. Eftir stækkun, A-rými: 1.182,8 ferm., 3.987,7 rúmm. B-rými: 18,8 ferm., 53,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- 2. Pósthússtræti 2, Breyting á 1. hæð og** (01.140.109) Mál nr. BN057907
kjallara Skjalnr. 9948
691206-4750 LF2 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka mhl. 01 með því að loka rými 0102 að hluta, fjarlægja hringstiga og gera grein fyrir áður gerðri portbyggingu, breyta fundarherbergjum í bar í fl. II, tegund A, með tilheyrandi breytingum á innra skipulagi, sameina mhl. 03 og mhl. 04, sett er skyggni á austurhlið, komið fyrir skiltum sem verða baklýst með led ljósagjafa á norður- og suðurhliðum og gerð skábraut á gangstétt í borgarlandi við suðurhlið hússins á lóð nr. 2 við Pósthússtræti. Einnig er lagt fram minnisblað skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 29. september 2020 og uppfærðir aðaluppdrættir, útgáfa 5, dags. 2. október 2020.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. ágúst 2020, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 31. ágúst 2020, samþykki frá meðeiganda mhl. 03 dags. 1. september 2020 og umsögn samgöngustjóra dags. 4. september 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2020. Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 1. september 2020. Stækkun mhl. 01: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

3. **Hagasel 23, Fjölbýlishús með 8 íbúðum** (49.377.01) Mál nr. BN058272
Skjalnr. 7809
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús sem fellur undir búsetuúrræði Velferðarsviðs og Félagsbústaða, á tveimur hæðum með átta íbúðum, úr krosslímdum timbureiningum, einangrað og klætt með viðarklæðningu að utan, á lóð nr. 23 við Hagasel. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.
Erindi fylgir mæliblað nr. 4.937.7 dags. 11. júní 1993, hæðablað dags. október 1987, Minnisblað 01 frá Víðsjá verkfræðistofu dags. 18. desember 2019, Hljóðvistargreinagerð II frá Eflu dags. 26. ágúst 2020, samantekt á brunavörnum hússins frá Mannviti dags. 24. janúar 2020, greinagerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 20. september 2020, bréf hönnuðar dags. 29. september 2020 og varmatapsútreikningur dags. 20. janúar 2020. Stærðir: 1. hæð: 287,1 ferm., 817,7 rúmm. 2. hæð: 264,0 ferm., 872,5 rúmm. Samtals A rými: 551,1 ferm., 1.747,8 rúmm. B-rými: 48,5 ferm., 114,6 rúmm. Gjald. kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.
4. **Hraunbær 143, breyting á deiliskipulagi** (04.341.1) Mál nr. SN200611
Skjalnr. 14142
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
581281-0139 Húsvirki hf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn Grímu arkitekta ehf. dags. 2. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar- Bæjarháls vegna lóðar nr. 143 við Hraunbæ. Í breytingunni felst að kvöð um stíg í gegnum byggingarreit B3 verði felld niður, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta ehf. dags. 30. september 2020.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018*
5. **Vesturbrún 28, Breytingar - 1. og 2.hæð** (13.821.07) Mál nr. BN058196
Skjalnr. 13191
Ingvar Garðarsson, Vesturbrún 28, 104 Reykjavík
Berglind Ragnarsdóttir, Vesturbrún 28, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi kjallara og 1. hæðar þannig að tvær íbúðir verði í kjallara og ein á 1. og 2. hæð einbýlishúss á lóð nr. 28 við Vesturbrún. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.
Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.
6. **Þórsgata 27, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.181.3) Mál nr. SN200610

Bjarni Frimann Karlsson, Þórsgrata 27, 101 Reykjavík
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Páls V Bjarnasonar dags. 2. október 2020 um breytingu á deiliskipulagi Lokastígsreits 3 vegna lóðarinnar nr. 27 við Þórsgrötu sem felst í að hækka þak og setja kvisti á fram- og bakhlið hússins ásamt því að setja svalir á bakhlið hússins með tröppum niður í garð, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 2. október 2020.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

7. **Stangarholt 10, Svalir á bakhlið hússins** (01.246.005) Mál nr. BN056461
Skjalnr. 12588

Móheiður Hlíf Geirlaugsdóttir, Stangarholt 10, 105 Reykjavík
Atli Viðar Thorstensen, Stangarholt 10, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir svölum á íbúðir 0101 og 0201 á suðurhlið og koma fyrir hurðum út á þær í húsinu á lóð nr. 10 við Stangarholt. Erindi var grenndarkynnt frá 8. september 2020 til og með 6. október 2020. Engar athugasemdir bárust.

Umsögn skipulags frá 16. mars 2018 fylgir þar sem Jákvætt er að grenndarkynna erindi ef það berst. Samþykki meðeigenda að Stangarholti 10-12 dags. 1 júní 2020 fylgir. Gjald kr. 11.200

Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

8. **Kjalarnes, Nesvík, deiliskipulag** Mál nr. SN190734
Skjalnr. 10177

660504-2060 Plúsarkitektar ehf., Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga +Arkitekta að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi, sem felst í uppbyggingu á ferðaþjónustu á jörðinni. Áformin eru að reisa hótél og heilsulind með allt að 100 herbergjum auk 12 stakstæðra húsa sem verða leigð út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Hönnun og frágangur miðar að því að halda í staðaranda Nesvíkur og falla sem best að landi, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. +Arkitekta ehf. dags. 26. mars 2020 br. 8. október 2020. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Fornleifastofnunar Íslands dags. 2019 og Húsakönnun Fornleifastofnunar Íslands dags. 2020. Tillagan var auglýst frá 27. maí 2020 til og með 8. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Libra lögmenn, Ólafur Hvanndal Ólafsson, f.h. Bjarna Pálssonar dags. 7. júlí 2020. Einnig er lögð fram umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 19. júní 2020 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. júlí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og skrifstofu sviðsstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. ágúst 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

9. **Súðarvogur 26, (fsp) breyting á notkun hússins** (01.454.1) Mál nr. SN200622
Skjalnr. 10450

Einar Ásgeirsson, Sunnuvegur 11, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Einars Ásgeirssonar dags. 7. október 2020 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 26 við Súðarvog úr iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði.

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

10. **Öskjuhlíð, framkvæmdaleyfi** (01.76) Mál nr. SN200509
Skjalnr. 7324

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 14. ágúst 2020 um framkvæmdaleyfi vegna malbikunar á stíg í hlið Öskjuhlíðar, samkvæmt uppdráttum/forhönnun Landslags dags. í júní og júlí 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2020. Jafnframt eru lagðir fram uppdrættir dags. 17. júlí 2020 og í ágúst 2020, fornleifaskrá Borgarsögusafns Íslands skýrsla nr. 205 dags. árið 2020, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. október 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020. Vísad til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

11. **Rofabær 7-9, (fsp) breytingar vegna** (04.334.3) Mál nr. SN200592
uppbyggingu á lóð Skjalnr. 5962
460616-0770 Rofabær 7-9 ehf., Dalabíngi 12, 203 Kópavogur
660504-2060 Plúsarkitektar ehf., Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 23. september 2020 um að stækka aðalbyggingarreiti til norðurs og suðurs, minnka hlutfall verslunar og þjónustu á jarðhæð úr 50% í um 35% og að ákvæði skipulagsins um að íbúðir minni en 50m² séu ekki meira en 30% af heild verði fellt út, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. 21. september 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020 samþykkt.
12. **Stuðlaháls 2, breyting á deiliskipulagi** (04.325.4) Mál nr. SN200488
Skjalnr. 6774
410169-4369 Áfengis-/tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Áfengis-/tóbaksverslunar ríkisins dags. 12. ágúst 2020, varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna Stuðlaháls 2. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur að stærð ca. 10 x15 m á suðurhluta lóðar, samkvæmt uppdr. Karls-Eriks Rockén arkitekts dags. 24. ágúst 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. september 2020 til og með 5. október 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
13. **Iðunnarbrunnur 6, Breyta í tvíbýlishús** (26.937.02) Mál nr. BN058233
Skjalnr. 11765
630806-1510 Byggingafélagið Landsbyggð ehf, Vatnsendabletti 721, 203 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN036505 þannig að húsi er skipt í tvær íbúðir, gluggasetningu breytt og hurðum bætt við á austur- og vesturhlið og bílastæði, stoðvegg og tröppum bætt við á vesturhluta lóðar nr. 6 við Iðunnarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.
Stækkun; 3,8 ferm., Samtals A-rými: 402,5 ferm., 1.225,3 rúmm.
B-rými: 17,1 ferm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.
14. **Iðunnarbrunnur 8, Breyta í tvíbýlishús** (26.937.03) Mál nr. BN058234
Skjalnr. 11466
Sveinn Gíslason, Ólafsgæisli 97, 113 Reykjavík
Helgi Gíslason, Vatnsendablettur 721, 203 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037192 þannig að húsi er skipt í tvær íbúðir, innanhússtiga snúið 180°, gluggasetningu breytt og hurðum bætt við á norður- og vesturhlíð og bílastæði, stoðvegg og tröppum bætt við á vesturluta lóðar nr. 8 við Iðunnarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.

Stækkun; 3,8 ferm., Samtals A-rými: 402,5 ferm., 1.225,3 rúmm.

B-rými: 17,1 ferm. Gjald kr. 11.200

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.

15. **Urðarbrunnur 23-31, (fsp) færsla** (05.053.4) Mál nr. SN200612
byggingarreits Skjalnr. 13486

450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlökkverssonar dags. 2. október 2020 ásamt greinargerð dags. 2. október 2020 um að færa byggingarreit að Urðarbrunni 23-25, lóð nr. 23-31 við Urðarbrunn, neðar í lóð þannig að unnt sé að koma fyrir bílastæðum. Einnig er lagður fram uppdr. ódags.

Vísan til umsagnar verkefnisstjóra.

16. **Langholtsvegur 18, Stækkun svala** (13.532.17) Mál nr. BN058149
Skjalnr. 14353

Guðni Benjamínsson, Langholtsvegur 18, 104 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka svalir á suðurhlíð og gera tröppur niður í garð við parhús á lóð nr. 18 við Langholtsveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 24. júní 2020. Gjald kr. 11.200

Ekki er gerð athugasemd við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.

17. **Njarðargata 27, Reyndarteikning** (01.186.614) Mál nr. BN051233
Skjalnr. 14352

590802-2390 ROR ehf, Frostþingi 15, 201 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. september 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 2. hæð og risi fjölbýlishúss á lóð nr. 27 við Njarðargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 16. september 2020. Gjald kr. 10.100

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2020.

18. **Austurstræti 4, breyting á deiliskipulagi** (01.140.4) Mál nr. SN200448
Skjalnr. 11734

431005-0340 Arktíka ehf., Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík
650269-6839 Thorvaldsensfélagið, Austurstræti 4, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Arktíka ehf. dags. 13. júlí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðar nr. 4 við Austurstræti. Í breytingunni felst að afmarkaður er nýr byggingarreitur á 2. hæð yfir núverandi portbyggingu, ásamt því að byggingarmagn á lóð eykst, samkvæmt uppdr. Arktíka ehf. dags. 10. júlí 2020. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 30. júní 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 8. september 2020 til og með 6. október 2020. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

19. **Laugateigur 28, Hækkun þaks - kvistir** (13.651.03) Mál nr. BN058257
Skjalnr. 14266

Arnar Geir Ómarsson, Laugateigur 28, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak og setja kvisti á hús á lóð nr. 28 við Laugateig. Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð, ódagsett. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

20. **Sundaborg 1-15, LED-skjár** (13.367.01) Mál nr. BN058004
Skjalnr. 10320
630407-0600 Xprent-hönnun og merkingar ehf., Sundaborg 3, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að setja upp led skjávarpa fyrir auglýsingar sem er 3,28 metrar á breidd og 6,16 metrar á lengd, á vesturgafli húss nr. 1 á lóð nr. 1-15 við Sundaborg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2020.
Samþykki frá Húsfélagi Sundaborg dags 9. mars 2020, ljósmyndir og tæknilegar upplýsingar frá framleiðanda led skjáa fylgir. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2020 samþykkt.
21. **Vesturgata 2, Byggja útigeymslu** (01.140.002) Mál nr. BN057063
Skjalnr. 7502
660312-1100 Fjélagið - eignarhaldsfélag hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. desember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka útigeymslu 0102 og byggja nýtt sorpskýli, mhl.02, á lóð nr. 2 við Vesturgötu, samkvæmt uppdr. Andrúm arkitekta ehf. dags. 5. október 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. október 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2020.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 1.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2020 samþykkt.
22. **Álmgerði - Hæðargarður, framkvæmdaleyfi** (01.803.1) Mál nr. SN200625
Skjalnr. 5375
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 7. október 2020 um framkvæmdaleyfi vegna fullnaðarfágangs á göngu- og hjólastíg í Álmgerði og Hæðargarði frá Háaleitisbraut að Réttarholtsvegi. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. september 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Vesturberg 195, breyting á skilmálum deiliskipulagi** (04.660.8) Mál nr. SN200594
Skjalnr. 7313
Ársæll Vignisson, Hamraborg 18, 200 Kópavogur
540169-3229 Fylkir ehf., Grensásvegi 50, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn Ársæls Vignissonar dags. 22. september 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Breiðholts 3, vestur- og miðdeild, með síðari breytingum vegna lóðarinnar nr. 195 við Vesturberg. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli lóðarinnar þannig að rými á fyrstu hæð verði opnuð, samkvæmt tillögu Fylkis ehf. dags. 20. september 2020. Einnig er lögð fram grunnmynd Ársæls Vignissonar dags. 15. september 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
24. **Þétting byggðar, ályktun frá íbúasamtökum í vesturhluta Reykjavíkur** Mál nr. SN200373
Skjalnr. 5161
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

680194-3199 Íbúasamtök Vesturbæjar, Hávallagötu 41, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2020 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 10. júní 2020 þar sem ályktun frá íbúasamtökum í vesturhluta Reykjavíkur ódags. varðandi þéttingu byggðar er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 9. október 2020.

Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 9. október 2020 samþykkt.

25. **Mosfellsbær, skipulagslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags**

Mál nr. SN200588
Skjalnr. 6368

470269-5969 Mosfellsbær, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. september 2020 var lagt fram erindi skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 18. september 2020 þar sem óskað er eftir umsögn við skipulagslýsingu Arkís arkitekta ehf., dags. 7. september 2020, vegna endurskoðunar aðalskipulags Mosfellsbæjar. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 9. október 2020.

Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 9. október 2020 samþykkt.

26. **Spítalastígur 8, breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030** (01.184.1)

Mál nr. SN200296
Skjalnr. 8218

570297-2289 LEX ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. ágúst 2020 var lögð fram umsókn Kristínar Sólness dags. 13. maí 2020 f.h. Guðrúnar Maríu Finnbogadóttur dags. 13. maí 2020 ásamt bréfi dags. 28. apríl 2020 um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2020. Í breytingunni felst að hluti Spítalastígs sem fasteignin Spítalastígur 8 tilheyrir þ.e. milli Bergstaðastrætis og Óðinsgötu verði gerður að aðalgötu. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 9. október 2020.

Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 9. október 2020 samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:10.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir